

Sp.

60. Þingsályktun

um endurskoðun á lögum um eftirlit með skipum og um athugun á framkvæmd skipaskoðunar.

(Afgreidd frá Sp. 18. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna nefnd til þess að endurskoða lög um eftirlit með skipum og bátum og um öryggi þeirra, svo og tilskipanir og reglugerðir, er settar hafa verið um þetta efni. Jafnframt sé nefndinni falið að athuga framkvæmd skipaeftirlitsins á lögum og reglum þeim, er nú gilda um eftirlit með skipum.

Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar, og sé hann sérfræðingur á því sviði. Hina fjóra nefndarmennina skipar ríkisstjórnin eftir tilnefningu, einn eftir tilnefningu Farmanna og fiskimannasambands Íslands, annan eftir tilnefningu Sjómannafélags Reykjavíkur og Sjómannafélags Hafnarfjarðar, hinn þriðja eftir tilnefningu Landssambands útgerðarmanna og þann fjórða eftir tilnefningu Stríðs-tryggingarfélagis íslenskra skipshafna. Nefndin skal hafa aðgang að öllum gögnum, sem mál þessi snerta, þar á meðal hjá sjóðómi og nefndum, sem skipaðar hafa verið til rannsóknar vegna einstakra sjóslysa. Skal nefndin hafa lokið störfum svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en 1. sept. 1944.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr rikissjóði.